

FUNDARGERÐ



Minjastofnun
Íslands

Fundarefni : 17. fundur Minjaráðs Reykjavíkur og nágrennis.

Fundartími: 4. desember 2024 kl. 10:00.

Fundarstaður: Minjastofnun Íslands

Fundarmenn:

F.h. Safnaráðs: Guðbrandur Benediktsson.

F.h. Sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu: Nikulás Úlfar Másson.

F.h. Minjastofnunar: Anna María Bogadóttir, Magnús Guðmundsson og Henny Hafsteinsdóttir.

Fundarritari: Anna María Bogadóttir

Henny fer yfir dagskrá fundar og yfirlit yfir funda Minjaráðs frá skipun þess árið 2021, en nýtt minjaráð verður skipað haustið 2025.

1. *Niðurstöður sameiginlegs minjaráðsfundar 8. maí sl.*

Henny kynnir valdar niðurstöður af fundinum og vísar til fundargerðar á heimasíðu. Fulltrúar minjaráðs sem sátu fundinn lýsa ánægju sinni með að fá tækifæri til að heyra hljóðið í öðrum minjaráðum á landinu. Umræður um herminjar og fleira í framhaldi.

2. *Átaksverkefni minjaráða*

Henny kynnir hugmynd um að vera með einn fund á ári, sem væri vettvangsfundur og unnið yrði að endurgerð minja í samstarfi við aðra aðila yfir daginn. Vel tekið í hugmyndina.

3. *Kynning á starfsemi ICOMOS*

María Gísladóttir (á teams) kynnir stuttlega starfsemi ICOMOS og Íslandsdeild Icomos.

4. *Byggingararfsárið og menningarminjadagar 2025*

Minjastofnun heldur utan um menningarminjadaga (European Heritage Days) á Íslandi og hefur tekið frá einn haustmánuð í það. Árið 2025 eru fimmtíu ár frá *European Architectural Heritage Year 1975* og Minjastofnun hyggst vekja athygli á því. Mögulega verður óskað eftir aukafjárveitingu í Húsafriðunarsjóð sem yrði merkt þessu afmælisári og verkefnum þeim tengdum. Í þessu samhengi kynntu:

Guðbrandur hugmynd um að leggja áherslu á miðlun og kynningar og vísar til mikilla vinsælda söguganga.

Anna María hugmynd um samstarf stofnana um verðlaun um endurbætur á húsum.

Sambærileg við transformations prisen í Danmörku. Vel tekið í hugmynd.

5. Önnur mál. Minjaráðinu bárust þær sorglegu fréttir að minjaráðsfulltrúi Hrefna Sigríður Bjartmarsdóttir, þjóðfræðingur, hafi nýlega fallið frá vegna veikinda. Ákveðið var að senda fjölskyldu hennar samúðarkveðju.

Næsti fundur verður sameiginlegur minjaráðsfundur sem verður auglýstur síðar.

Fundi slitið 12:10